

Nr. 139 / 09 Helga RE 49***Bilun í gír og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2749
Smíðaður: Kaohsiung Taiwan 2009 stál
Stærð: brl. 362,1 bt.
Mesta lengd: 28,89 m Skráð lengd: 26,12 m
Breidd: 9,2 m Dýpt: 6,04 m
Vél: M.A.K. 442 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:
Gögn RNS



Helga ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 25. nóvember 2009 var Helga RE 49 á siglingu út frá Reykjavík.

Helga RE hafði siglt frá Gömlu höfninni og þegar skipið var stöð í sundinu á milli Örfiriseyjar og Engeyjar, rétt norðan við Eyjagarð (olíubryggja), hitnaði gírinn mikið og mikla brunalykt lagði frá honum. Vélstjórar kúpluðu útog stöðvuðu aðalvélin. Var skipstjóri upplýstur um stöðuna en hann hafði beygt skipinu til austurs þegar vélin stöðvaðist og þegar skipið var orðið ferðlaust varlagst við akkeri. Þar sem bilunin í gírnum var talin alvarleg var óskað eftir aðstoð frá hafnaryfirvöldum og dráttarbáturinn Magni dró Helgu RE inn til hafnarinnar aftur.

Við rannsókn kom fram:

- að gírinn var frá SCAN VOLDA. Vegna mikils hita á olíunni féll kúplingsþrýstingurinn og kúplingin byrjaði að snuða. Þetta leiddi til meiri hitamyndunnar í kúplingunni og diskarnir í henni urðu ónýtir;
- að í skipasmíðastöð skipsins hafði verið sett nýtt 10 mm ryðfrítt rör við gírinn og gleymst að setja í það réttan búnað þ.e. dísu eða hak (*1,0 mm nozzle in the drain to the sump*);
- að fram kom að hitinn á gírnum hefði verið óeðlilega hár um tíma og vélstjórar haft áhyggjur af því. Þetta hafði verið skoðað af sérfræðingum og ýmsar lagfæringar reyndar án árangurs. Það var sérfræðingur frá framleiðanda sem fann gallann og lét hann útbúa nýtt rör sem breytti þessu ástandi;
- að skipt hafði verið um olíu á gírnum í inniverunni.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar var rangur frágangur á smurolíulögn við gír.